

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – mars 2024

## Skráð atvinnuleysi í mars var 3,8%

Skráð atvinnuleysi í mars var 3,8% og lækkaði úr 3,9% frá febrúar. Í mars 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,5%.

Að meðaltali voru 7.518 atvinnulausir í mars, 4.344 karlar og 3.174 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 71 frá febrúar.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 6,5% og lækkaði úr 6,9% frá febrúar.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra eða 1,5%.

Alls komu inn 283 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars.


Atvinnulausir voru 7.780 í lok mars, 4.410 karlar og 3.370 konur.

Í mars var 81 einstaklingur á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og átta einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í mars 2024 gaf Vinnumálastofnun út 142 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 110 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að draga muni úr atvinnuleysi í apríl og gæti atvinnuleysi orðið á bilinu 3,5% til 3,7%.

Próun atvinnuleysis frá mars 2022 til mars 2024




## Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði á flestum stöðum á landinu frá febrúar, nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem það stóð í stað. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 6,5% og lækkaði úr 6,9% frá febrúar. Næst mest var atvinnuleysið 3,8% á höfuðborgarsvæðinu í mars. Atvinnuleysi var einnig 3,8% á landsbyggðinni í mars.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra eða 1,5% og 2,7% á bæði Austurlandi og Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í febrúar og mars.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á fjórum svæðum á landinu í mars, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,3% og 3,9% meðal kvenna, á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,6% og 2,9% meðal kvenna, á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 6,0% og 7,4% meðal kvenna og á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,7% og 2,8% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í mars.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



## Greining atvinnuleysis

### Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.780 í lok mars, 4.410 karlar og 3.370 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 107 frá febrúarlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 64.

Alls voru 838 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok mars og fækkaði um 34 frá febrúar.

Alls höfðu 1.253 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars 2024 og fjölgaði um 11 frá febrúar. Í mars 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.644 og nemur fækkunin 391 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.861 í mars síðastliðnum en voru 1.481 í mars 2023.

## Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í mars, mest var fækkunin í farþegaflutningum með flugi, ferðapjónustu og gistipjónustu.

Atvinnulausum fjölgaði lítillega í lok mars í nokkrum atvinnugreinum, mest þó í iðnaði.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



## Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls var 4.281 erlendur atvinnuleitandi án atvinnu í lok mars og fækkaði um 50 frá febrúar. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 55% í lok mars.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.794 sem er um 42% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok mars 2024




## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleyfi

### Atvinnuleyfi


Í mars 2024 gaf Vinnumálastofnun út 142 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 110 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 68 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 74 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í mars, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 41 leyfi. Þá voru gefin út 22 námsmannaleyfi og eins 22 leyfi bæði vegna skorts á vinnuafli og vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í mars voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 40%, 25% vegna þjónustustarfa og 15% vegna starfa verkafólks. Um 20% var í öðrum starfsgreinum.

## Ný atvinnuleyfi eftir tegund í mars 2024



## Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, mars 2024



## Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 49 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í mars 2024 með samtals 308 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 457 í mars á vegum 19 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 46%, 16% frá Litháen og 14% frá Rúmeníu. Þeir sem eftir standa eða um 24% starfsmanna komu frá 15 öðrum ríkjum.

## Atvinnuleit og vinnumiðlun

# Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í mars 2024 voru gefin út 70 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 46 einstaklingar. Fjórir fóru til Rúmeníu og þrír fóru til Lettlands. Þá voru gefin út 17 vottorð til viðbótar til 14 annarra ríkja.

## Vinnumiðlun

# Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 283 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 186 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 63% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Suðurlandi og 11% á Norðurlandi eystra. Þá eru 13% annarsstaðar á landinu.

## Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í mars 2024



## Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í mars var 81 einstaklingur á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og átta einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 58 einstaklingar.

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.